



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Skrifstofa stjórnslu MÍR

Reykjavík, 5. maí 2026

MSS26040040

MINNISBLAÐ

Tillaga Kjartans Magnússonar um afnot af styttu af sr. Friðriki Friðrikssyni

Menningar- og íþróttaráði hefur borist til meðferðar, tillaga Kjartans Magnússonar um afnot af styttu af sr. Friðriki Friðrikssyni:

Lagt er til að samið verði við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar um að safnið fái afnot af styttu Sigurjóns Ólafssonar af séra Friðriki Friðrikssyni æskulýðsleiðtoga, sem nú er hýst í lokaðri listaverkageymslu Listasafns Reykjavíkur. Um lánsafnot verði að ræða.

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá Markúsi Þór Andræssyni safnstjóra Listasafns Reykjavíkur:

„Ég get staðfest að umrætt verk er í listaverkageymslu Listasafns Reykjavíkur að Víkurhvarfi; H-015 - Sigurjón Ólafsson - Séra Friðrik og drengurinn - 1952. Alvanalegt er að safnið láni öðrum listasöfnum verk á sýningar, sé eftir því falast. Þá er send lánsbeiðni frá viðkomandi safni með upplýsingum um samhengi, sýningartíma og annað í þeim dúr. Starfsfólk okkar metur þá hvort verkið er laust til sýningar, kannar ástand þess, metur aðstæður á fyrirhuguðum sýningarstað og það samhengi sem sýna á verkið í. Byggt á þessum og fleiri þáttum er lánsbeiðni samþykkt eftir atvikum og gengið frá lánsamningi á milli stofnana til ákveðins tíma. Lánþegi greiðir umsýslugjald samkvæmt verðskrá, ábyrgist tryggingar og annast kostnað við flutning verksins og skil á verkinu. Ég fæ ekki séð að um tiltekið verk Sigurjóns gildi önnur viðmið og eðlilegt að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar eigi í beinum samskiptum við Listasafn Reykjavíkur um millisafnalán.“

Virðingarfyllst,
Helga Björnsdóttir
skrifstofa stjórnslu
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík